

Brjef landshöfðingja til sóknarprestisins á Akureyri um gjalddaga á prestsmötu og skyldu borgara og annara sjálfstæðra kaupstaðarbúa til að greiða prestí offur og dagsverk. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. f. m., hafið þjer, velæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar um, hvort þjer eigið ekki heimting á, að prestsmötugjald það frá Mōðruvallakirkju og Grundarkirkju, sem Akureyrar prestakalli hefur verið lagt út uppi tillag það, er því ber eptir lögum 12. janúar 1884, sje yður goldið þegar á þessu hausti eða fyrri hluta vetrar, og í annan stað leiðbeiningar um skyldu borgara og annara sjálfstæðra bæjarmanna á Akureyri til að gjalda prestí offur og dagsverk. 118 9. nóv.

Um þetta gefst yður til vitundar, að bæði þau atriði, er þjer þannig hafið óskað leiðbeiningar um, heyra eptir eðli sínu undir úrlausn dómstólanna, en jeg skal þó ekki færast undan að láta yður í ljósi skoðun mína um þau, sem er sú: um fyrra atriðið, að með því að prestsmata í raun og veru er hálfar leigur af kúgildum hlutaðeigandi bænda-kirkju, en gjalddagi á kúgildaleigum bæði eptir gamalli landsvenju og lögum nr. 1 frá 12. jan. 1884, 24. gr., er fyrir Mikaelmessu ár hvert, þá eigið þjer heimting á, að prestsmata sú, sem yður ber frá áðurnefndum kirkjum, sje goldin yður eigi síðar en á Mikaelmessu ár hvert, fyrsta sinni á yfirstandandi ári, en að yður sje óviðkomandi, hvað um hafi verið samið milli hlutaðeigandi gjaldenda og presta í því efni að undanfögnu, þar-sem slíkir samningar einungis geta hafa verið skuldbindandi fyrir embættistíma hvers einstaks prests. Um offurskyldu kaupstaðarbúa gildir að minni ætlun sama regla sem utan kaupstaða, sbr. reglugjörð 17. júlí 1782, 12. gr., og tilsk. 27. jan. 1847, 3. gr., sem sje, að sjerhver húsfadir og sjálfstæður einhleypur maður, sem á 20 hundr. í fasteign eða í lausafje, eða hvorutveggju samanlögðu, eigi hvert ár að gjalda prestí offur, sem ekki sje minna en 8 álnir, og að allir verzlægir konunglegir embættismenn, klaustur-haldarar, kaupmenn og verzlunarpjónar, sem laun taka, eigi, þótt þeir ekki eigi svo mikla fasteign eða lausafje, sem nú var sagt, að gjalda prestí árlega í offur að minnsta kosti 4 kr. Að því er loks snertir dagsverk til prests í kaupstöðum, þá er það venja, studd af mörgum yfirvaldaúrskurðum, að það skuli gjaldast af kaupstaðarborgurum, húsmönnum og þurrabúðarmönnum, sem eiga heimili forstöðu að veita, og af lausamönnum, hvort sem þeir tíunda nokkuð eða ekkert, ef þeir aðeins eru ekki í skiptitíund, og loks af einhleypum húsmönnum og vinnuhjúum, ef þau tíunda 60 áln. eða þar yfir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi, dags. 15. okt. þ. á., hefur hreppsnefndaroddvitinn í Miklaholtshreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 19. ágúst þ. á., um sveitfesti Kristjáns Sigurðssonar á Þorgeirsfelli í Staðarsveit, en með þeim amtsúrskurði var staðfestur úrskurður sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, er ákvað að nefndur Kristján Sigurðsson væri sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, Miklaholtshreppi. 119 18. nóv.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 7. þ. m., og þar með fylgjandi skjöl þau, er snerta þetta mál, verð jeg að vera sömu skoðunar og þjer um það, að þótt nefndur Kristján Sigurðsson hafi í júnímán. 1886 verið búinn að dvelja samfleytt 11 ár í Staðarsveit, þá hefur hann með þeirri dvöl sinni ekki getað unnið sjer þar sveit, með því að hann þáði sveitarstyrk bæði af fátækrafje Staðarsveitar og Miklaholtshrepp, áður en hann var búinn að vera þar full 10 ár, og þar sem nefndur Kristján Sigurðsson ennfremur ekki hefur dvalið annarstaðar en í Staðarsveit

119 fyrir utan fæðingarhrepp sinn, Miklaholtshrepp, þá á hann sveitfesti í nefndum fæðingar-
18. nóv. hreppi sínum.

Samkvæmt þessu staðfestist hjer með ofan nefndur úrskurður yðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

120 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um máls-
28. nóv. kostnað í gjafsóknarmáli. — Með þóknanlegum brjefum, 25. apríl og 7. sept. þ. á., hafið þjer, herra amtmáður, lagt það til, samkvæmt ósk verzlunarstjóra Chr. Havsteens á Siglu-
firði, að ávísaður yrði úr landssjóði kostnaður nokkur, að upphæð 46 kr., við gjafsóknar-
mál nefnds verzlunarstjóra við Jón bónda Þorkelsson á Svadastöðum, útaf hvalreka við
Þórðarhöfða 13. apríl 1876, en mál þetta lyktaði þannig við yfirjettinn, að því er máls-
kostnaðinn snerti, að hann skyldi falla niður.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að af ofan nefndum kostnaði hafa 20 kr., máls-
færslulaun Snorra heitins Pálssonar við undirjettinn, verið ávísáðar úr landssjóði 14. júní
1880 Jóni heitnum Jónssyni landritara, samkvæmt ósk Snorra Pálssonar, og eru þær
þannig þegar greiddar úr landssjóði, en að því er snertir hinar 26 krónurnar af ofan-
nefndum kostnaði, en það er borgun fyrir mat á hval þeim, er málið var um, samkvæmt
yfirjettardóminum, þá verð jeg að álíta, að þessi kostnaður við fullnægingu dómsins
geti eigi talizt með þeim kostnaði af gjafsóknarmálum, sem heimild er til að greiða úr
landssjóði samkvæmt 5. gr. laga 12. júlí 1878, um gjafsóknir, og sje jeg mjer því eigi
fært að ávísá þessum 26 kr. úr landssjóði.

121 Brjef landshöfðingja til biskups um eptirlaun prestsekkna þeirra, er njóta
10. des. náðarárs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra,
skýrt mjer frá því, að sjera Jón Austmann, síðast prestur að Stöð í Stöðvarfirði, hafi
andazt 6. septbr. síðastliðinn, og að hann hafi látið eptir sig ekkju, Helgu Jónsdóttur,
sem beri að fá eptirlaun sín úr landssjóði frá næstkomandi fardögum.

Með því nú að hinni hjerumræddu prestsekkju ber náðarár í brauðinu frá næst-
komandi fardögum til fardaga 1889 og með því að svo hefur verið álitíð, að prests-
ekkjum beri þá fyrst eptirlaun, er náðarárið er á enda (sbr. landshöfðingjabrjef 23. okt.
1885, Stj.tíð. 1885 B. bls. 137), þá verður ekki fyr en náðarárið er á enda gjörð nein
ráðstöfun til, að hinni hjerumræddu prestsekkju verði greidd eptirlaun úr lands-
sjóði.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.

122 Brjef landshöfðingja til formanns skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi um
12. des. að afgjald af skólajörð sje undanþegið tekjuskatti. — Með þóknanlegu brjefi, dags.
7. þ. m., hafið þjer, fyrir hönd skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, skýrt
frá því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi krafizt þess af nefndinni, að af-
gjaldið af jörðinni Vallarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi, 54 kr. á ári, verði talið með
skattskyldum tekjum á skattaskrá Stokkseyrarhrepps, en þarsem jörð þessi sje eign barna-
skólans í Stokkseyrarhreppi spyrjizt þjer fyrir um það, hvort afgjald af henni sje eigi